



Námsflokkar Reykjavíkur



## starfsKRAFTUR

Tilboð fyrir ungmenni  
16–18 ára

- Hvenær?
- Frá 20. febrúar - 26. maí 2017
- Hvar?
- Í Námsflokkum Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, 2. hæð — á vinnustöðum
- Hvernig?
- Náms tvisvar í viku—starf þrisvar í viku—14 vikur alls

Námið hefst 20. febrúar 2017

Verkefnið starfsKRAFTUR er ætlað fólki á aldrinum 16-18 ára sem hvorki stundar nám né vinnu og búsett er í Reykjavík. Markmiðið er að hjálpa ungu fólki að finna lífi sínu farveg með starfsþjálfun, sjálfstyrkingu, ráðgjöf og fræðslu um nám og störf.

**Verkefnið stendur í 14 vikur  
frá 20. febrúar — 26. maí 2017**

Dagana 20. febrúar — 17. mars er fræðsla og ráðgjöf um nám og störf hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Mán. 12-15, þri., mið. og fim. 14-16 og fös. 13-15. Miðvikudaginn 24. maí verður lokaverkefni unnið.

Starfsþjálfun fer fram þrjú heila vinnudaga þri., mið. og fim., allt að 6 tíma á dag í 9 vikur, frá 21. mars — 23. maí.

Á sama tíma er sjálfstyrking, náms- og starfsfræðsla og félags- og starfsfærni, mán. 12-15 og fös. 13-15.

Fræðsla og ráðgjöf eru veitt í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur að Suðurlandsbraut 32, 2. hæð.

Starfsþjálfun fer fram á vinnustöðum. Reynt verður eftir megni að finna þá vinnustaði sem þátttakendur kjósa.

Greitt verður fyrir störf þátttakenda þá daga sem starfsþjálfunin fer fram.

Að verkefninu loknu eiga þátttakendur að hafa fengið reynslu af vinnumarkaði sem hjálpar þeim að útvega sér vinnu og halda henni.

Þeir sem standa sig vel í starfsþjálfuninni gætu átt möguleika á að fá meðmæli, framlengingu eða fasta ráðningu.

**Verkefnið er samstarfsverkefni Námsflokka Reykjavíkur, Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Foreldrahúss. Elma Vagnsdóttir, s. 411-1300, tekur við ábendingum um mögulega þátttakendur.**

**Nánari upplýsingar gefa:  
Jódís Káradóttir s. 411-6540, gsm: 664-8606,  
Elma Vagnsdóttir, s. 411-1300**

Fræðslan tekur mið af námskrá framhaldsskólanna í lífsleikni, auk náms- og starfsfræðslu, námstækni og fræðslu um vinnumarkað.

Fræðsluhlutinn er um 130 kennslustundir og er möguleiki á að fá það nám metið til eininga á framhaldsskólastigi í samræmi við reglur þess skóla sem nám er stundað við. Þeir áfangar sem til greina koma eru Lífsleikni og hugsanlega valeiningar hvernar brautar.

ATH. Nemendur fá greidd laun á starfstíma.



**Er starfsKRAFTUR eitthvað fyrir þig?**

Hringdu—kannaðu málið!  
síminn hjá  
Námsflokkum Reykjavíkur er  
411-6540

